

**Þjóðskjalasafn Íslands**

16 205

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Þjóðskjalasafn Íslands**

**kt. 710269-1149**

**Laugavegi 162, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 77/2014. Samkvæmt þeim fer safnið með framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar fyrir hönd ráðherra og gegnir jafnframt hlutverki opinbers skjalasafns.

Þjóðskjalasafn setur með samþykki ráðherra reglur um skjalavörslu og skjalastjórn ríkis og sveitarfélaga auk reglna um frágang skjalasafna, varðveislu og förgun gagna. Þjóðskjalasafn leiðbeinir um og hefur eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga, sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni. Þá hefur safnið eftirlit starfsemi héraðsskjalasafna. Þjóðskjalasafn fer þannig með yfirstjórn skjalamála í landinu.

Eitt meginhlutverk Þjóðskjalasafns er að taka til varðveislu skjöl frá afhendingarskyldum aðilum, bæði á rafrænu formi og á pappír. Safnið tekur jafnframt til varðveislu skjöl einkaaðila. Safnið veitir aðgang að safnkosti sínum, rannsakar og veitir fræðslu um hann. Safnið birtir í stafrænum búningi mikilvægar heimildir þjóðarsögunnar á vefjum sínum.

Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 500 talsins. Safnkostur Þjóðskjalasafns taldi í árslok 2023 um 48.667 hillumetra af pappírsskjölum og 4.775 Gb. af rafrænum gögnum. Það er stærsta safn frumheimila um íslenska sögu.

Starfsemin fellur undir málefna svið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.028,7 milljónir og afkoma kr. 78,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 101,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 216,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Hrefna Róbertsdóttir,  
þjóðskjalavörður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	923.700.000	505.000.000
Seld þjónusta .....	3	57.998.891	79.827.187
Vórusala .....		590.550	402.672
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	28.455.337	66.785.962
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	17.933.484	15.820.964
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.028.678.262</b>	<b>667.836.785</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....	5	34.980.008	28.475.996
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	498.063.392	401.800.324
Annar rekstrarkostnaður .....	7	399.723.933	171.797.846
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		93	87.447
Afskriftir og niðurfærslur .....	8	17.933.484	15.820.964
<b>Gjöld samtals</b>		<b>950.700.910</b>	<b>617.982.577</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>77.977.352</b>	<b>49.854.208</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(28.742.640)	47.430.204
Rekstrartilfærslur .....		26.719.992	2.424.004
Fjármagnstilfærslur .....		80.000.000	0
		<b>77.977.352</b>	<b>49.854.208</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	10.656.491	1.256.606
Viðskiptakröfur .....		786.660	89.642
Tengdir aðilar .....	10	119.329.584	57.571.260
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		484.015	878.412
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	67.246.884	60.956.746
Óefnislegar eignir .....	12	18.311.218	14.633.576
<b>Eignir samtals</b>		<b>216.814.852</b>	<b>135.386.242</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	5.218.067	21.436.631
Viðskiptaskuldir .....		28.032.599	13.631.777
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	47.424.233	39.421.749
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	34.970.219	37.703.703
<b>Skuldir samtals</b>		<b>115.645.118</b>	<b>112.193.860</b>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		<b>101.169.734</b>	<b>23.192.382</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	15	101.169.734	23.192.382
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>101.169.734</b>	<b>23.192.382</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>216.814.852</b>	<b>135.386.242</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		77.977.352	49.854.208
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	17.933.484	15.820.964
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(17.933.484)	(15.820.964)
		<u>77.977.352</u>	<u>49.854.208</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(302.621)	3.951.255
Tengdir aðilar .....		(90.678.152)	(104.129.171)
Birgðir .....		0	5.463.170
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		22.403.306	(3.718.503)
		<u>(68.577.467)</u>	<u>(98.433.249)</u>
		<u>9.399.885</u>	<u>(48.579.041)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....		(7.539.532)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	(20.361.732)	(10.595.328)
		<u>(27.901.264)</u>	<u>(10.595.328)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		12.701.264	0
Fjárfestingarframlag .....		15.200.000	10.595.328
		<u>27.901.264</u>	<u>10.595.328</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		9.399.885	(48.579.041)
		<u>1.256.606</u>	<u>49.835.647</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>10.656.491</u>	<u>1.256.606</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	759.300.000	30.200.000	0	15.200.000	804.700.000
Fjáraukalög .....	0	0	80.000.000	0	80.000.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>759.300.000</b>	<b>30.200.000</b>	<b>80.000.000</b>	<b>15.200.000</b>	<b>884.700.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....					
Launabætur .....	22.700.000	0	0		22.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	0	31.500.000	0		31.500.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>782.000.000</b>	<b>61.700.000</b>	<b>80.000.000</b>	<b>15.200.000</b>	<b>938.900.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	20.717.145	2.424.004	0	(37.886.619)	(14.745.470)
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ...	<b>2.424.004</b>	<b>(2.424.004)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>805.141.149</b>	<b>61.700.000</b>	<b>80.000.000</b>	<b>(22.686.619)</b>	<b>924.154.530</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(810.742.640)	(34.980.008)	0	(27.901.264)	(873.623.912)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>(5.601.491)</b>	<b>26.719.992</b>	<b>80.000.000</b>	<b>(50.587.883)</b>	<b>50.530.618</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.



## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, frh.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	10-14 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádraginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	923.700.000	505.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	17.933.484	15.820.964
	<u>941.633.484</u>	<u>520.820.964</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	759.300.000	30.200.000	0	789.500.000
Fjáraukalög .....	0	0	80.000.000	80.000.000
Launabætur .....	22.700.000	0	0	22.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	0	31.500.000	0	31.500.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>782.000.000</b>	<b>61.700.000</b>	<b>80.000.000</b>	<b>923.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádrögnum sértekjum ..	(810.742.640)	(34.980.008)	0	(845.722.648)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(28.742.640)</b>	<b>26.719.992</b>	<b>80.000.000</b>	<b>77.977.352</b>

	2023	2022
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	56.275.741	77.923.870
Verksala .....	1.165.150	1.325.102
Ýmsar þjónustutekjur .....	0	715
Fræðslustarfsemi og fundir .....	558.000	577.500
	<u>57.998.891</u>	<u>79.827.187</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	13.036.200	2.439.722
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	10.000.000	53.500.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	3.000.000	10.700.433
Ýmsar tekjur .....	2.419.137	145.807
	<u>28.455.337</u>	<u>66.785.962</u>

### 5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....	34.980.008	28.475.996
	<u>34.980.008</u>	<u>28.475.996</u>

### 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	390.894.840	328.606.375
Orlof, breyting .....	8.002.484	(5.049.320)
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	3.878.988	0
Launatengd gjöld .....	89.518.011	74.619.635
Starfsmannakostnaður .....	5.769.069	3.623.634
	<u>498.063.392</u>	<u>401.800.324</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	38,1	34,6
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2023	2022
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	948.502	1.210.951
Byggingarvörur, almennar ....	57.436	50.730
Byggingarvörur, aðrar ....	32.597	0
Tæki og búnaður til innréttinga ....	674.343	29.144
Ýmis tæki og áhöld ....	1.866.532	662.629
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	106.337	129.931
Orkugjafar ....	8.318.659	5.099.068
Matvæli ....	7.191.753	5.616.101
Almennar rekstrarvörur ....	1.273.505	1.613.862
Vörukaup, almenn	20.469.664	14.412.416
Rannsóknarstofuefni ....	86.006	22.875
Kennslu- og föndurvörur ....	213.750	81.850
Ýmsar sérgreindar vörur ....	11.348.828	18.715.592
Vörukaup, sérgreind	11.648.584	18.820.317
Fundir, námskeið, risna ....	1.477.556	2.766.081
Ferðir, uppihald ....	6.427.658	2.844.446
Akstur ....	939.629	1.050.418
Sérfræðipjónusta ....	46.135.232	33.076.647
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	202.371	116.610
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	2.521.395	1.461.788
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	3.244.205	2.336.373
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	60.948.046	43.652.363
Afnotagjöld ....	29.553.561	19.946.217
Leigugjöld ....	247.828.088	38.892.746
Notkun véla og flutningatækja ....	1.814.993	635.882
Verkkaup ....	19.548.591	22.432.623
Kostnaðarhlutdeild ....	4.612.550	0
Tryggingar, lögboðnar ....	0	1.592.198
Opinber gjöld ....	2.825.874	5.915.006
Tilfærslur ....	473.982	34.908
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	306.657.639	89.449.580
Birgðabreytingar, fullunnar vörur ....	0	5.463.170
Vörur til endursölu og birgðabreyting	0	5.463.170
Annar rekstrarkostnaður samtals	399.723.933	171.797.846
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	13.937.513	11.950.785
Farartæki og vélar ....	129.081	128.947
Aðrar eignir ....	5.000	5.000
Niðurfærsla óefnislegra eigna ....	3.861.890	3.736.232
	17.933.484	15.820.964

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>9 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	25.160	16.860
Tékkareikningar .....	10.631.331	1.239.746
	<u>10.656.491</u>	<u>1.256.606</u>

## 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	105.494.739	0
Aðrir ríkisaðilar .....	13.834.845	57.571.260
	<u>119.329.584</u>	<u>57.571.260</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	16.864.978
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	5.218.067	4.571.653
	<u>5.218.067</u>	<u>21.436.631</u>

## 11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	66.253.296	59.833.120
Farartæki og vélar .....	989.008	1.114.046
Aðrar eignir .....	4.580	9.580
	<u>67.246.884</u>	<u>60.956.746</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	158.434.245	3.233.670	50.000	161.717.915
Viðbætur á árinu .....	20.357.689	4.043	0	20.361.732
	<u>178.791.934</u>	<u>3.237.713</u>	<u>50.000</u>	<u>182.079.647</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	98.601.125	2.119.624	40.420	100.761.169
Afskrift ársins .....	13.937.513	129.081	5.000	14.071.594
	<u>112.538.638</u>	<u>2.248.705</u>	<u>45.420</u>	<u>114.832.763</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>66.253.296</u>	<u>989.008</u>	<u>4.580</u>	<u>67.246.884</u>

## Skýringar

	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>12 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	18.311.218	14.633.576
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2023:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 01.01.2023 .....		18.681.160
Viðbætur á árinu .....		7.539.532
		<u>26.220.692</u>
Niðurfært 01.01.2023 .....		4.047.584
Niðurfærsla ársins .....		3.861.890
		<u>7.909.474</u>
Staða 31.12.2023 .....		<u>18.311.218</u>
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	47.424.233	39.421.749
	<u>47.424.233</u>	<u>39.421.749</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>	
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	85.558.102	75.590.322	
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(50.587.883)	(37.886.619)	
	<u>34.970.219</u>	<u>37.703.703</u>	
	<b>Frestaðar</b>	<b>Fjárfestinga-</b>	<b>Samtals</b>
	<b>tekjur vegna</b>	<b>fjárveiting</b>	<b>frestaðar</b>
	<b>fjárfestinga</b>	<b>tekjur</b>	
Staða 01.01.2023 .....	75.590.322	(37.886.619)	37.703.703
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	15.200.000	15.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	20.361.732	(20.361.732)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	7.539.532	(7.539.532)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(17.933.484)	0	(17.933.484)
	<u>85.558.102</u>	<u>(50.587.883)</u>	<u>34.970.219</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 20,3 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

## Skýringar

### 15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	23.192.382	(26.661.826)
Afkoma ársins .....	77.977.352	49.854.208
Jöfnuður 31.12. ....	<u>101.169.734</u>	<u>23.192.382</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 16 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Gerðir hafa verið skuldbindandi samningar um húsnæði, ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga auk annara samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 316,5 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 26,6 milljónir og vegna annara samninga kr. 47,4 milljónir.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.